

Ed.

391. Breytingartillögur

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og l. nr. 40 12. maí 1965, um breyt. á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

1. 4. gr. frv. orðist svo:

6. mgr. 27. gr. orðist svo:

Ökuskirteini eru tvö konar: Bráðabirgðaskirteini og fullnaðarskirteini. Bráðabirgðaskirteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskirteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskirteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskirteini skv. 3. mgr. skulu þó gilda í 5 ár. Ef sérstakar ástæður þykja til, getur lögreglustjóri þó gefið út ökuskirteini til skemmri tíma en að framan greinir. Áður en fullnaðarskirteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskirteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskirteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðarstjórpróf.

2. 10. gr. frv. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. öðlast þó eigi gildi fyrr en 1. júní 1966.